



## Verkefnastjórnun og kennsla ÍSAT í Brekkuskóla veturinn 2022 – 2023

Skólaárið 2022 – 2023 vann ég sem verkefnastjóri í „íslensku sem annað tungumál í 20% stöðuhlutfalli og kenndi í viðbót 11 ÍSAT kennslustundir í viku. Í apríl og maí bættust við hjá mér 5 ÍSAT kennslustundir í viku vegna fjölda nýrra ÍSAT nemenda sem bættust við þegar leið á veturinn. Stofa 305 var ÍSAT stofa og þar fór kennslan fram. Útsýnið úr þeirri stofu á efstu hæð í austur gaf gott tækifæri til orðavinnu og samræðna um skólalóðina og nærumhverfi okkar. Ég var stundum í bekkjarstofum.



Í haust áttu 16 nemendur í skólanum báða foreldra með annað tungumál en íslensku, sem fyrsta mál og 41 nemandi sem átti annað foreldri með annað tungumál en íslensku, sem fyrsta mál samtals 57 nemendur. Níu nemendur sem áttu báða foreldra með annað tungumál en íslensku, bættust við í skólann í vetur, þar af 4 nýflutt til Íslands. Þannig voru 66 nemendur af erlendum uppruna í Brekkuskóla vorið 2023 og eru þeir frá enn fleiri löndum. Einnig eru 25 snúbúar, þ.e. nemendur sem eiga íslenska foreldra en hafa búið erlendis í lengri eða skemmri tíma og hafa flust aftur til Íslands. Þar af 2 sem byrjuðu í Brekkuskóla í haust. Margir þessara nemenda vinna að almennum hæfniviðmiðum en svo eru aðrir sem vinna að viðmiðum íslensku sem annars tungumáls á stigum 1, 2 og 3.

Megináhersla verkefnastjórnunarinnar var að taka á móti nemendum nýfluttum til Íslands og fylgja þeim eftir í námi og aðlögun í byrjun skólagöngu á Íslandi í samvinnu við umsjónarkennara. Ég sá um að halda utan um fjölda nemenda, sem eiga íslensku sem annað tungumál og skila skýrslum til jöfnunarsjóðs og heilsu- og fræðsluviðs hvað það varðaði, fyrir haust og vorönn. Ég var í samvinnu við umsjónarkennara um nemendur með íslensku sem annað tungumál. Ég ræddi við kennara um stöðu nemendanna í íslensku, ráðlagði um námsefni fyrir ákveðna nemendur og vann námsmat í samvinnu við kennara.

Aðaláhersla í kennslu hjá mér var á nemendur á 1. og 2. stigi en nokkrir nemendur á 3. stigi fengu einnig tíma hjá mér. ÍSAT tímar röðuðust einnig hjá sérkennurum árganga, þar sem ÍSAT nemendur fengu tíma í íslensku. Sumir nemendur fengu kennslu yfir ákveðið tímabili en aðrir allan veturinn.

Markmið með kennslu í íslensku sem annað tungumál var að styðja nemendur í að verða virkir í að nota íslensku sem tjáningarform og stuðla þannig að sjálfstæði og virkri þátttöku í íslensku skólasamfélagi og samfélaginu almennt. Læsi er í forgrunni í kennslunni en stuðlað er að heilbrigði og velferð, jafnrétti og mattréttindum almennt með því að vinna með og hlúa að nemandanum og bakgrunni hans, stuðla að samræðum um heiminn í víðu samhengi og

hvernig við tökum ábyrgð á að stuðla að jafnréttindum fyrir okkur og alla aðra allt eftir því sem við á í hverjum aldurshóp. Með því að tjá hugsanir sínar og skoðanir, nýta tækni og miðla sem stuðning í námi og tjáningu, bera jafnt og þétt meiri ábyrgð á eigin námi og skilja og skilgreina markmið náms og starfs, sjálfstætt og í samvinnu við aðra, stuðlar að því að hver og einn nemandi þrói lykilhæfni sína.

Ég var með litla hópa, 3 – 6 nemendur í hóp, oft úr hverjum árgangi en einnig voru hópar þar sem nemendur voru saman úr 2 eða 3 árgöngum og þurftu á svipaðri kennslu að halda. Stundum komu nemendur einir til mín þegar verkefni kröfðust þess. Út frá markmiðum hvers stigs lagði ég áherslu á hlustun, lestur, samræður og orðaforðavinnu í tímum hjá mér. Mikilvægt í því samhengi var á að vekja nemendur til umhugsunar um hvernig þeir geta aukið orðaforða sinn, færni í íslensku og námstækni. Unnið var með grunnorðaforða hjá þeim nemendum sem voru nýlega komnir til landsins, orðaforða tengdum daglegu lífi, skólanum og skólaumhverfinu. Með nemendum sem voru lengra komnir í íslenskunáminu var áhersla á samræður almennt og út frá flóknari orðaforða tengdum námsgreinum eða á þrepi 2 og 3. Á fyrsta stigi var unnið með ritun orða og stuttra setninga en á 2. og 3. stigi ritun stuttra texta. Unnið var á fjölbreyttan hátt með myndir og texta, spil og leiki. Spjaldtölvur og tölvur voru notaðar í þjálfun á orðaforða, við lestur og ritun, við upplýsingaleit og þýðingar. Google translate, bæði með því að skrifa inn orð og texta og að taka myndir af textum og fá þýðingu, studdi vel við verkefnavinnu nemenda og samskipti þeirra við kennara og félag. Í námsmati á fyrsta stigi notaði ég stöðumat 1 frá Helgu Hauksdóttur fyrir nemendur á því stigi en annars var námsmatið byggt á ýmsum verkefnum og vinnu nemenda hjá mér og hjá öðrum kennurum. Niðurstöður voru settar í hæfnikort á Mentor á viðeigandi stigi og nemendur fengu umsagnir í námsmöppu.

Við tókum þátt í að halda upp á Alþjóðlega móðurmálsdaginn 21. febrúar 2023 í samstarfi við Amtsbókasafnið á Akureyri. Allir nemendur í skólanum sem tilheyra hópnum af erlendum uppruna komu til mín í árgangahópum. Áttum við samræður um að vera af erlendum uppruna, eiga fleira en eitt tungumál og koma frá mismunandi löndum. Útbjuggum við síðan veggspjöld þar sem lönd, fánar og setningin „ Ást og friður“ kom fram. Veggspjald var hengt upp á Amtsbókasafninu og í skólanum. Þemadagar á vorönn voru tileinkaðir fjölmenningu. Þar unnu allir nemendur skólans með mismunandi lönd og ýmislegt sem tengdist þeim.

Starfspróun mín í vetur fólst í því að þróa íslenskukennsluna mína. Vinna með samhengi í málinu og tengingu við önnur tungumál ásamt uppbyggingu íslenskunnar og hvernig best/gott er að miðla því til annarra. Ég er að vinna að því að ná utan um skipulag kennslu og námsmatið út frá nýjum viðmiðum í Aðalnámskrá. Ég var á tveimur námskeiðum í vetur sem fólust í tveimur námskeiðsdögum hvort í haust og svo úrvinnsla og eftirfylgni allan veturinn: Réttindanámskeiði fyrir *Málhljóðamælinn* á vegum Raddlistar.ehf og *Samræðufélagar (Talking Partners TP)* á vegum Háskólans á Akureyri. Þekkingin sem ég öðlaðist í gegnum þessi námskeið nýttust og munu nýtast mér mjög vel í kennslu. Ég sótti ýmsa fræðslu varðandi *málproskaröskun* í samvinnu við aðra sérkennara í skólanum. Ég sótti ráðstefnuna *Markviss íhlutun á öllum skólastigum, verkfæri til árangurs*. Sat tvö námskeið á vegum Rauða krossins: *Geðheilbrigði flóttafólks og menningarnæmi* og *Sálfélagslegur stuðningur í starfi með flóttafólki* og fræðslufundi um *Móttöku flóttabarna* og og annað um *Hvernig stuðlað er*

